

Fundur í fagdeild sjúkraflutningamanna LSS

Haldinn 23/11/15

Slökkvistöðinni Hafnarfirði

Mættir: Njáll Pálsson, Hermann Marinó Maggýjarson, Anton Berg Carrasco, Ingólfur Birgir Bragason og Gústav Alex Gústavsson.

Fundur settur kl. 10:15

Anton og Njáll fara yfir stöðuna varðandi nýtt grunnnám. Bréf frá skólastjóra sjúkraflutningaskólans kynnt varðandi uppsetningu á nýju námi. 5 vikna grunnhluti byggt á gamla EMT-B náminu auk stóraukins starfsnáms. Vika á sjúkrabíl, 6 vaktir á bráðmóttöku og heimsókn á Neyðarlínu.

Bráðataeknanám til umræðu, fundarmenn sammála um mikilvægi fjölgunar bráðataekna á landsvísu og tafarlausra úrbóta þar á. Raunhæf leið virðist vera að fæðast fyrir starfandi sjúkraflutningamenn að fæðast til þess að sækja námið til USA eins og hefð hefur skapast fyrir og gefist vel. Ekki er í auglýsni að þetta nám verði kennt hér heima í nánustu framtíð. Skapa verður betra færi fyrir fólk að sækja þetta nám erlendis. Kann verður og vinna að aðkomu ríkis varðandi fjármagn til bráðataeknavæðingar lykilstaða landsins.

Vilhjálmur Árnason alþingismaður var gestur á fundinum. Hann hefur sýnt málefnum sjúkraflutningamanna og utanspítalabjónustu mikinn áhuga. Vilhjálmur er tilbúinn til að vinna að eflingu utanspítalabjónustu í góðu samstarfi við fagdeildina. Vinna er í gangi við fjárlagagerð í ráðuneytum og alþingi, Vilhjálmur er að reyna að koma málaflokknum betur að þar. Tíðinda að vænta á næstunni. Fagdeildin fagnar aðkomu Vilhjálms.

Sjúkrabílamál til umræðu. Fyrir liggur greinargerð frá sérstökum faghóp um sjúkrabíla/búnaðarmál. Hópurinn samanstendur af fagdeildinni ásamt tilkvöddum aðilum með sérþekkingu á málaflokknum. Greinargerðin verður lögð fyrir fagráð sjúkraflutninga Íslands og gerir fagdeildin sterka kröfu um að henni verði fylgt eftir.

Rætt var um mikilvægi að koma í gagn vinnu tafarlaust við uppfærslu vinnuferla. Fyrirhugað er að taka þá vinnu upp í samvinnu við Landlækni og yfirlækni utanspítalabjónustu.